

**Nd.**

**94. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 86 11. júní 1938, um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Fyrri málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Stofnfé sjóðsins myndast af framlagi rikissjóðs, 23500 krónum á ári, og árlegum iðgjöldum lögskipaðra ljósmæðra, 4% af launum þeirra samkv. ljósmæðralögum, að meðtalinni dýrtíðaruppbót, og skal iðgjaldinu haldið eftir við útborgun launanna.

2. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Iðgjald og lífeyrir ljósmæðra, sem njóta réttinda samkv. þessari grein, skal þó aldrei miðast við hærri upphæð en hámarkslaun ljósmæðra samkv. ljósmæðralögum.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:  
Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun hlutaðeigandi ljósmóður samkv. ljósmæðralögum síðustu 5 árin áður en hún lætur af starfi. Til árslaunanna teljast laun og dýrtíðaruppbót.

4. gr.

17. gr. laganna orðist svo:  
Nú lætur ljósmóðir af störfum án þess að fá lífeyri úr sjóðnum, og skal þá endurgreiða iðgjöld þau án vaxta, er hún hefir greitt til sjóðsins. Af endurgreiðslu-upphæðinni skal fyrst greiða lífeyrissjóði Íslands upphæð þá, sem honum ber samkvæmt síðustu málsg. 49. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, og síðan afganginn til hlutaðeigandi ljósmóður.

5. gr.

Aftan við löginn bætist svolátandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árinu 1940 greiðir lífeyrissjóður ljósmæðra aðeins þeim ljósmæðrum eftirlaun, sem látið hafa af störfum eftir 31. desember 1939, enda greiði rikissjóður á því ári aðeins 12650 krónur sem framlag til sjóðsins. Sama ár greiðast eftirlaun samkvæmt ákvæðum 5. gr. ljósmæðralaganna á sama hátt og af sömu aðilum og árið 1939. Þær ljósmæður, sem í fyrsta sinn hafa notið eftirlauna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1940, skulu hafa sama rétt til eftirlauna úr sjóðnum frá 1. janúar 1941 og hinar, sem áður nutu eftirlauna samkvæmt fjárlögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk stjórnar lífeyrissjóðs ljósmæðra, sem telur óhjákvæmilegt að lagfæra nú þegar nokkur missmiði á téðum lögum, sem komið hafa í ljós við framkvæmd þeirra og nánari athugun.

Um 1. gr.

Samkvæmt fyrri málsg. 1. gr. laganna ber ljósmæðrum að greiða iðgjald, 4% af föstum launum, til sjóðsins, en samkvæmt 10. gr. laganna skal lífeyririnn miðast við meðalárslaun ljósmóður, og teljast þar til árslauna laun og dýrtíðaruppbót. Hér er því um augljóst misræmi að ræða, enda ósamrýmanlegt fjárhagslegu öryggi sjóðsins. Er því lagt til, að úr þessu sé bætt. Þess skal getið, að í greinargerð Brynjólfs Stefánssonar, sem fylgdi hinu upphaflega frumvarpi, er það greinilega tekið fram, að í útreikningum hans „sé reiknað með föstum launum að viðbættari dýrtíðaruppbót, bæði við iðgjalda- og eftirlaunagreiðslur“.

Framlag rikissjóðs er í lögnum ákveðið 15000 krónur á ári. Þegar sú upphæð var ákveðin, mun eigi hafa verið tekið tillit til þess, að upphæðir þær, sem veittar eru fyrrverandi ljósmæðrum samkvæmt 18. gr. fjárlaganna, eru greiddar með 25% dýrtíðaruppbót. Ennfremur er þess að geta, að síðan löginn voru samþykkt hefir upphæð sú, er veitt hefir verið í fjárlögum í þessu skyni, hækkað mjög, t. d. aðeins á síðasta þingi um 2000 krónur að meðtalinni dýrtíðaruppbót. Þá eru og

nú fyrir hendi fyllri upplýsingar um eftirlaunagreiðslur samkvæmt 5. gr. ljósmæðralaganna og hversu miklu hluti rikissjóðs af iðgjaldasjóðstillaginu nemur.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þarf að hækka framlag rikissjóðs upp í 23500 krónur á ári, og má gera ráð fyrir, að sú upphæð skiptist á næsta ári sem hér segir:

1. Eftirlaun til 55 ljósmæðra samkv. fjárlögum 1940 kr. 12600.00 + 25% dýrtiðaruppbót .....	—	3150.00	
			<b>kr. 15750.00</b>
2. Eftirlaun og dýrtiðaruppbót 34 ljósmæðra samkv. ljósmæðralögum, samkv. skýrslu fjármálaráðuneytisins fyrir árið 1937 ..	—	3602.49	
3. Framlag til iðgjaldasjóðs, 75% af iðgjöldum lögskipaðra ljósmæðra, ca. ....	—	2925.00	
4. Framlag til iðgjaldasjóðs vegna annara ljósmæðra, sbr. 9. gr., ca. ....	—	300.00	
5. Kostnaður, áætlaður .....	—	922.51	
			<b>Samtals kr. 23500.00</b>

Þess skal getið, að framlag rikissjóðs til sjóðsins ætti að geta lækkað, þegar frá liður, eftir því sem þær fyrrverandi ljósmæður, er sjóðurinn tekur við, falla frá. Má því gera ráð fyrir, að eftir 5 eða 10 ár sé ástæða til að rannsaka hag og skuldbindingar sjóðsins og lækka framlag rikissjóðs samkvæmt því, sem sú rannsókn leiðir í ljós.

Um 2. og 3. gr.

Samræmis vegna þykir rétt að ákveða, að lífeyris- og iðgjaldagreiðslur ljósmæðra, er njóta réttinda samkv. 9. gr., skuli aldrei miðast við hærri upphæð en hámarkslaun ljósmæðra samkv. ljósmæðralögum. Þá þykir og rétt að kveða skýrar á um en gert er með orðalagi 10. gr., að lífeyrinn skuli jafnan miða við hin lög-mæltu laun og dýrtiðaruppbót, en eigi við persónulegar launaupphætur eða aukatekjur fyrir að gegna störfum í öðru umdæmi.

Um 4. gr.

Samkvæmt 17. gr. laganna virðist ljósmóðir, sem lætur af störfum án þess að fá lífeyri úr sjóðnum, eiga að fá öll iðgjöld sín endurgreidd. Önnur málsg. 2. gr. mælir hinsvegar svo fyrir, að um iðgjaldagreiðslur ljósmæðra til lífeyrissjóðs Íslands skuli fara eftir 49. gr. alþýðutryggingalaganna. Virðist því sjálfsagt, að ákvæði sömu greinar gildi einnig um endurgreiðsluna.

Um 5. gr.

Samkvæmt 18. gr. laganna átti lífeyrissjóðurinn að taka til starfa 1. jan. 1940 og taka þá að sér eftirlaunagreiðslur til þeirra ljósmæðra, er eftirlauna nutu samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1939. En í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru þessum sömu ljósmæðrum enn veitt eftirlaun samkvæmt 18. gr., auk þeirra 8, er bættust við á síðasta ári.

Að sjálfsögðu er það þó eigi tilætlun löggjafans, að þær njóti samtímis eftirlauna úr rikissjóði og frá lífeyrissjóði ljósmæðra. Er því lagt til, að sjóðurinn taki ekki að sér þessar eftirlaunagreiðslur fyrr en á næsta ári. Virðist þá og eðlilegast, að um eftirlaunagreiðslur samkvæmt ljósmæðralögum gildi hið sama, og að lífeyrissjóðurinn annist á þessu ári aðeins eftirlaunagreiðslur til þeirra ljósmæðra, sem létu af störfum eftir 31. desember 1939, og því eigi komust á fjárlög fyrir 1940.

Með tilliti til þessa er lagt til, að rikissjóður greiði til sjóðsins á þessu ári aðeins 12650.00 krónur, sem er framlag rikissjóðs til iðgjaldasjóðs lífeyrissjóðsins og til kostnaðar, að viðbættum 8500.00 krónum, sem framlagið fyrir 1939 hefir reynzt of lítið.

Frá ársbyrjun 1941 tekur svo sjóðurinn við öllum eftirlaunagreiðslunum.